

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

33. gr.

Um önnur atriði en þau sem fjallað er um í reglugerð þessari skulu gilda ákvæði í reglugerð nr. 270/1974 um menntaskóla og reglugerðum um framhaldsdeildir og sérskóla, að því er hliðstæðar námsbrautir varðar, og eftir því sem við getur átt. Þannig skulu m. a. gilda ákvæði menntaskólareglugerðar um reglu og aga.

34. gr.

Reglugerð þessa skal endurskoða þegar breytingar verða gerðar á námsskipan framhaldsskólastigsins almennt til samræmis við þær breytingar.

VII. KAFLI

Gildistaka.

35. gr.

Reglugerð þessi er sett samkv. lögum nr. 14/1973 um fjölbrautaskóla og ákvæð- um 7. gr. í samningi menntamálaráðuneytisins og Hafnarfjarðarkaupstaðar frá 22. apríl 1975. Reglugerðin öðlast gildi 1. september 1976. Nemendum sem hófu nám í skólanum á framhaldsskólastigi fyrir 1. september 1975 skal þó gert kleift að ljúka námi samkvæmt fyrri námsskipan.

Í menntamálaráðuneytinu, 31. ágúst 1976.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

REGLUGERÐ

um gatnagerðargjöld við byggðar götur í Þorlákshöfn.

1. gr.

Húseigendur og lóðarhafar í Þorlákshöfn skulu greiða til sveitarsjóðs Ölfus- hrepps gatnagerðargjald fyrir hús og lóðir um leið og götur eru lagðar bundnu slit- lagi og til lagningar gangstétta.

Gjaldið nemur ákveðnum hundraðshluta byggingarkostnaðar á rúmmetra í vísitöluhúsi eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands á hverjum tíma, sem hér segir:

Einbýlishús með eða án tvíbýlisaðstöðu	3.0%
Raðhús	2.0%
Fjölbýlishús	1.0%
Verslunar- og skrifstofubyggingar	3.0%
Iðnaðarhús, vörugeymslur og annað atv.húsn.	1.5%
Opinberar byggingar	3.0%
Bifreiðageymslur	3.0%

Auk þessa gjalds skulu lóðarhafar greiða gatnagerðargjöld kr. 60.00 af hverjum fermetra lóðar og er það verð miðað við byggingarvísitölu 1881 stig.

2. gr.

Upphæð gatnagerðargjalda samkvæmt 1. gr. skal miðast við þá byggingarvísitölu sem í gildi er, þegar lagning varanlegs slitlags fer fram. Nú breyttist vísitalan meðan verk fer fram og skal það þá miðað við meðalvísitölu á því tímabili sem um er að ræða.

3. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjaldstuðla samkvæmt 1. grein hvern um sig eða alla í einu um allt að 50% án frekari staðfestingar ráðuneytis.

4. gr.

Gatnagerðargjald samkvæmt 1. gr. greiðist þannig, að 20% greiðist, þegar lagningu bundins slitlags er lokið. Eftirstöðvar greiðast með jöfnum árlegum afborgunum á næstu fjórum árum.

Gjalddagi afborgana er 1. júlí. Vextir greiðast eftir á á sömu gjalddögum.

5. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum sem á eigninni hvíla og tekur það einnig til váttryggingarfjár eignarinnar.

Heimilt er að taka gjöld samkvæmt reglugerð þessari lögtaki samkvæmt lögum nr. 29/1885.

Hreppsnefnd sker úr ágreiningi er rísa kann um álagningu og innheimtu samkvæmt reglugerð þessari.

Reglugerð þessi, sem samín er og samþykkt af hreppsnefnd Ölfushrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 og nr. 31/1975 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 16. ágúst 1976.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

REGLUGERÐ**um gatnagerðargjöld í Hólmavíkurbreppi.****1. gr.**

Sveitarstjórn er heimilt að leggja gatnagerðargjöld á lóðir í sveitarfélaginu, eftir því sem nánar segir í reglugerð þessari. Heimilt er að leggja gatnagerðargjald á land, sem sambærilegt telst, þótt ekki sé sérstök lóð.

2. gr.

Gatnagerðargjald A er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við undirbyggingu götu með tilheyrandi lögnum.